

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 7. október 2022

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingar á skipulagslögum (uppbygging innviða), 144. mál, 153. löggjafarþing.

Uppbygging öflugs og trausts flutningskerfis raforku sem tryggir jafnt aðgengi að raforku til atvinnuuppbyggingar á landinu er forsenda öflugrar byggðar. Með aukinni tæknivæðingu er landbúnaður einnig háðari tryggri afhendingu raforku en áður var auk þess sem nýsköpunarverkefni í landbúnaði s.s. vinnsla aukaafurða er háð auknu aðgengi að raforku í nærsamfélaginu. Traustur raforkuflutningur er áhrifaþáttur og undirstaða eflingu fæðu- og matvælaöryggis.

Bændasamtök Íslands sjá ekki að með frumvarpi þessu sé tekið á framangreindum atriðum, né að tekið sé með nægilega afgerandi hætti á þeim atriðum sem starfshópur sem skipaður var í kjölfar fárviðrisins í desember 2019 fjallaði um.

Bændasamtök Íslands leggjast ekki gegn samþykkt frumvarpsins en telja að þörf sé á mun víðtækari breytingum á regluverki þannig að tekið verði, með afgerandi hætti, á öllum þeim atriðum sem valdið hafa töfum á uppbyggingu innviða.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason
lögfræðingur